

Ísafjarðarbær
Skipulagsfulltrúi
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður

Ósk um skipulagsbreytingar við jarðhitasvæðið í Tungudal

Orkubú Vestfjarða ohf. áformar nýtingu jarðhita frá jarðhitasvæðinu í Tungudal. Framkvæmdinni fylgir innviðaupbygging við jarðhitasvæðið ásamt tengingu þess við kyndistöðvar OV hvort sem er á Skeiði eða Skutulsfjarðareyri.

Áformin kalla á skipulagsbreytingar og óskar Orkubúið eftir því að gerð verði breyting á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020. Jafnframt er óskað eftir að Orkubúinu verði veitt heimild til að hefja vinnu við gerð breytinga á deiliskipulagi Seljalandshverfis. Á nógildandi deiliskipulagi er fyrirhugað framkvæmdarsvæði að hluta til skipulagt sem íbúðabyggð. Að fengnu samþykki Ísafjarðarbæjar um skipulagsbreytingar mun Orkubúið taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu.

Orkubú Vestfjarða telur áformin um fyrirhugaða nýtingu jarðhita til húshitunar á Ísafirði samræmast vel áætlunum sveitarfélagsins um eflingu byggðar, atvinnulífs og innviða. Þá styðja þau við opinbera stefnu tengda loftslagsmálum og orkuskiptum. Eldsneytisnotkun í kyndistöðvum Orkubúsins á Ísafirði vegna varaafleyskeyrslu var 2 milljón lítrar á árinu 2024, sem samsvarar rúmum 5 milljónum tonna CO₂. Keyrsla varaafles til húshitunar verður að mestu óþörf við nýtingu jarðhitans.

Fyrir hönd Orkubús Vestfjarða

Elena Dís Víðisdóttir

Orkusvið